

**Fundargerð stjórnar BÍS 18/2016, miðvikudaginn 12. október 2016 kl. 17:30
í Skátamiðstöðinni Hraunbæ 123.**

Mættir:

Berglind Lilja Björnsdóttir formaður ungmennaráðs, Bragi Björnsson skátahöfðingi, Fríður Finna Sigurðardóttir aðstoðarskátahöfðingi, Heiður Dögg Sigmarsdóttir formaður upplýsingaráðs, Ólafur Proppé formaður fræðsluráðs, Sonja Kjartansdóttir formaður fjármálaráðs, Una Guðlaug Sveinsdóttir formaður dagskrárráðs og Tryggvi Bragason dagskrárráði, Hermann Sigurðsson framkvæmdastjóri og Sigríður Ágústsdóttir skrifstofustjóri.

Fjarverandi: Jón Þór Gunnarsson, formaður alþjóðaráðs.

Dagskrá:

1) Setning

Bragi Björnsson skátahöfðingi bauð fundarmenn velkomna. BB óskaði Unu til hamingju með nýjasta fjölskyldumeðliminn.

2) Fundargerð síðasta fundar samþykkt.

3) Yfirlit stjórnarmanna:

- a. Berglind: Vinna með rekka- og róvernetið og setja það í gang. Hitta skáta og vinna í því að stækka hópinn.
- b. Bragi: BPFellowship heimsókn tókst mjög vel, þakkar þeim sem komu að dagskrá og móttöku hópsins. Starfsfólki BÍS er þakkað fyrir góðan undirbúning. Við fengum vilyrði fyrir allstórri upphæð í solidarity fund og þátttakendur voru mjög ánægðir með móttökur. Tók þátt í kynningu á forvarnardeginum. Verið að aðstoða skátafélög vegna starfsmannamála.
- c. Fríður: Fundir hjá félagaráði og vinnufundir framundan varðandi stuðningsefni ofl. Áframhaldandi verkefni að bæta í stuðningsefnið. Heimsótti Hvolsvöll, Hellu og Blönduós með kynningu á og hugmyndum um að koma á skátastarfi á nýjum slóðum. Opnar kynningar fyrir börn foreldra og aðra áhugasama á Blönduósi og almennt tekið vel á móti þeim og áhugi fyrir því að fá skátastarf á svæðið. Bland í poka féll niður.
- d. Heiður: Vinna í skátablaðinu, upplýsingaráð með ungmennaráði að vinna áætlun fyrir samskipti við samfélagsmiðlana (aðallega snapchat og instagram), verður kynnt á RUS. Halldór Valberg (Uppl.ráð) og Berglind (ungm.ráð) eru fulltrúar.
- e. Ólafur: 1. skref Gilwell með 20 manns haldið í byrjun október, meðalaldur rúmlega 30 ár, í sumargilwelli var meðalaldur rúm 20 ára. Yfir 70 manns hafa hafið Gilwell vegferðina á þessu ári. á 1. skref Gilwell verður næst í boði í janúar 2017. Mikið hefur verið unnið í verkefninu „fjölgun fullorðinna í skátastarfi“, bæklingur wosm þýddur og komin út, áætlun um samskipti við félögin er tilbúin og verður unnið samkvæmt henni í vetur.
- f. Sonja: Var með BP-Fellowship á laugardaginn, fyrsti fundur í dag í nýstofnuðu framkvæmdaráði sem mun létta á fundum stjórnar BÍS. Í framkvæmdaráði sitja Bragi, Sonja og Hermann.
- g. Una og Tryggvi: Una kemur inn af fullum krafti eftir áramót að afloknu barnsburðarleyfi. Öraefalífi var frestað, dagskrárráð er í viðræðum við

Björgunarsveit Hafnarfjarðar um mögulegt samstarf um viðburðinn. Nýr tími verður auglýstur þegar hann liggur fyrir. Forsetamerkið verður afhent 15. okt.

h. BÍS: Ekkert nýtt að koma á framfæri.

4) Meginviðfangsefni 1:

a. Þjóðþrif – Grænir skátar: Fjármál, staða og þróun

Torfi Jóhannsson framkvæmdastjóri Grænna skáta kynnti starf, þróun og stöðu mála, sjá glærur með tölulegum upplýsingum.

b. Skátabúðin: staða og þróun

Torfi Jóhannsson framkvæmdastjóri Grænna skáta kynnti starf, þróun og stöðu mála, sjá glærur með tölulegum upplýsingum.

5) Meginviðfangsefni 2:

a. Stefnumótun, staðan og undirbúningur starfsáætlunar 2017

Farið var yfir helstu áhersluatriði fyrir 2016, sjá fylgiskjal. Staða mála er sú að langflestum atriðum í aðgerðaáætlun stefnumótunar á árinu 2016 hefur miðað vel áfram:

Efling ungs fólks til virkrar þátttöku og áhrifa:

Ungir talsmenn: Er í vinnslu og búið að halda viðburð 1x á árinu. Er í höndum Upplýsingaráðs og ungmenningaráðs.

Uppeldis- og menntunaraðferðir:

Lyklakippa sjálfbóðaliðans: Heimasíður um félagsmál og dagskrármál eru komnar í loftið. Vantar efni um fullorðinsfræðslu. Er í höndum félagaráðs og dagskráráðs og er tengt Upplýsingatorgshugmyndinni. Skoða nánar mentorakerfið og hvernig hægt er að móta og útfæra stuðning/handleiðslu á skipulagðan hátt. BÍS skoðar málið.

Samhæfing grunnstoða: Áttavitinn er kominn vel á veg.

Samfélagsleg áhrif:

Verkfærakassar sveitarforingja: Ekki komið af stað. Athuga með að stofna vinnuhóp – er í höndum fræðsluráðs og dagskráráðs.

Koma á tengslaneti lítilla skátafélaga á dreifðum svæðum: Komið vel af stað víða um land.

Samskipti og almannatengsl:

Samskiptaáætlun er tilbúin, passa að fylgja henni eftir.

Kynningardagar, StartUp!: Lokið í ágúst og september.

Vakta samskipti við helstu hagsmunaaðila: Ekki farið af stað.

Virk samskipti – nýta alla miðla: Hefur gengið vel að fylgja því eftir.

Stjórnskipulag og stjórnýsla:

Miðlægur gagnagrunnur – Upplýsingatorg: Lokið og kominn á vefinn. Þarf að markaðssetja það fyrir félögunum.

Viðbragðsteymi fyrir veikburða félög: Á að fléttast inn í önnur verkefni, þarf að kynna það fyrir félögunum.

Skrásetning á eigum BÍS og skráning ferla allrar starfsemi: Er í vinnslu og margt frágengið. Er eðli málsins samkvæmt alltaf í stöðugri endurskoðun.

Skrásetning og utanumhald á skátastarfi: Skrifstofa BÍS heldur utan um stöðu skátafélaga á landinu, metur ákveðna lykilkætti í þeirra starfi og fylgir þeim eftir.

6) Mál til kynningar

a. Engin mál.

7) Mál til afgreiðslu og bókunar:

- Landsmót – tíðni móta. Fresta til næsta fundar.
- Fundargerð 8. fundar ÚVR 2016 lögð fram.
- Ársreikningar Úlfljótuvatns sf 2015 lagðir fram.

8) Önnur mál

- Afhending forsetamerkis 15. október nk.** Verður með hefðbundnu sniði, 29 skátar fá merkið.
- Rekka- og róvernetið** – nöfn á verkefnablöð: Berglind Lilja Björnsdóttir, Kári Gunnlaugsson, Gísli Örn Bragason og Atli B Bachmann, Vigdís Fríða Þorvaldsdóttir róverráðgjafi, Salka Guðmundsdóttir starfsmaður. Verkefni til eins árs.
- Reglugerðir:** Sigríði var falið að fara yfir núgildandi reglugerðir BÍS og upplýsa stjórn um hvaða reglugerðir þarf að uppfæra.
- Meginviðfangsefni stjórnarfunda.** Farið yfir skipulagið, sjá yfirlit hér neðar.
- Starfs- og fjárhagsáætlun ársins 2017** – Bragi, Hermann og Fríður ákveða fyrirkomulag á þessari vinnu.
- Trúnaðarmál.** Færð í trúnaðarbók.
- Ábyrgð félaga á skátum sem ekki eru starfandi** og hafa ekki verið starfandi í nokkur ár. Hve lengi lifir ábyrgð skátafélaga á fyrrum skátum? Umræða verður tekin á næsta fundi.
- Bland í poka.** Féll niður en almennt áhugi fyrir því að halda viðburðinn. Þó voru einungis 25 skráðir en 50 er lágmarkið. Fossbúar héldu sérstaka aukaútgáfu fyrir sitt fólk. Á síðasta félagsföngjafundi kom fram áhugi á að halda StartUp! snemma (í lok ágúst) svo það nýttist í skipulagi vetrarstarfsins. Þá er hægt að halda Bland í poka í t.d. febrúar. Hugmynd er uppi um að halda þetta á Hvammstanga fyrri hluta febrúar 2017. Spurning um verð á viðburðinum. Umræður spunnust um hvort tengja ætti þetta við félagsföngjafundinn eða ekki.

12.okt.16	Alþjóðaráð (tekið 9. eða 23. nóv?)	
26.okt.16	Félagaráð: Staða skátafélaga + alþjóðaráð?	
9.nóv.16	Starfs- og fjárhagsáætlun ársins 2017	Meginmál Skátapings 2017
23.nóv.16	Starfs- og fjárhagsáætlun ársins 2017	
7.des.16	Starfs- og fjárhagsáætlun ársins 2017	Fjármál, WSM

okt'16	20	Fræðslukvöld - Örnámskeið í skátafræðum
	21-23	Rödd ungra skáta
	23	Kompás námskeið á Akureyri (námskeið í mannréttindafræðslu og mögulegum verkefnum sem nýta má í það)
	25	Kaffihúsakvöld Rekka- og róvernets - Jötunheimum Garðabæ
	25	Verndum þau námskeið
	Breytt dags.	Öræfalíf rekkaskáta
nóv'16	2.	Upphafsdagur skátastarfs á Íslandi
	2	Krísufundur róverskáta
	5	Gilwell - 2. skref
	6	Fálkaskátadagurinn - Kópar og viðburðateymi
	14	Endurfundir skáta
	19	Gilwell - 4. skref
	21	Fræðslukvöld, Klifur og sig, tryggjum og treystum
	26. - 27.	Aðventuhátíð Úlfjótsvatns
	nóv/des	Gilwell 3. skref - vettvangsnám
des'16	3. - 4.	Aðventuhátíð Úlfjótsvatns
	10. - 11.	Aðventuhátíð Úlfjótsvatns
		Rovernet-Venturenet
	12	Endurfundir skáta
	22	Kaffihúsakvöld rekka- og róver
	27. - 29.	Á norðurslóð

Fundi slitið kl. 19:56
Fundargerð ritaði SÁ.